

# FJÁRMÁLAÆFTIRLITID

Alþingi

Erindi nr. P 136/1271

komudagur 18.3.2009

Alþingi  
b.t. Nefndarsviðs Alþingis,  
Austurstræti 8-10  
v/ Austurvöll  
150 REYKJAVÍK

16. mars 2009

Tilvísun: 2009030001

## Frumvarp til laga um listaverk í eigu Landsbanka Íslands, Kaupþings og Glitnis. Þskj. 107 - 100. mál.

Fjármálaeftirlitið vísar til bréfs dags. 26. febrúar 2009 þar sem óskað var eftir umsögn eftirlitsins um frumvarp til laga um listaverk í eigu Landsbanka Íslands, Kaupþings og Glitnis. Fjármálaeftirlitið hefur yfirfarið efni frumvarpsins og hefur eftirfarandi athugasemdir:


Samkvæmt ákvörðun Fjármálaeftirlitsins frá 9. október sl. um ráðstöfun eigna og skulda Landsbanka Íslands hf. til Nýja Landsbanka Íslands hf., 14. október sl. um ráðstöfun eigna og skulda Glitnis banka hf. til Nýja Glitnis banka hf. og 21. október sl. um ráðstöfun eigna og skulda Kaupþings banka hf. til Nýja Kaupþings banka hf., sbr. síðari ákvarðanir, sem teknar eru á grundvelli heimildar í 100. gr. a í lögum um fjármálafyrirtæki nr. 161/2000, sbr. 5. gr. laga um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl., var ákveðið að hinir nýju bankar (Nýi Glitnir banki hf., Nýi Kaupþing banki hf. og Nýi Landsbanki Íslands hf.) taki við öllum eignum gömlu bankanna, þ.m.t. málverkasöfnum bankanna, að frátöldum eignum sem sérstaklega eru undanskyldar skv. ákvörðunum.


Fjármálaeftirlitið bendir á að mat stendur nú yfir á vegum eftirlitsins á verðmæti umræddra listaverkasafna. Mat á verðmæti listaverkanna er liður í mati á öllum eignum nýju viðskiptabankanna sem fram fer á vegum Fjármálaeftirlitsins en verðmatið er undanfari þess að gömlu viðskiptabönkunum sé greitt fyrir þær eignir sem framseldar voru til nýju bankanna skv. framangreindum ákvörðunum. Áætlað er að verðmatinu ljúki um miðjan apríl.

Í 1. gr. framangreinds frumvarps er kveðið á um að öll listaverk sem voru í eigu gömlu viðskiptabankanna og eru nú í eigu nýju viðskiptabankanna séu eign ríkisins. Í greinargerð með frumvarpinu er að finna nánari skýringu á ákvæðum þess og verður ekki annað séð en að tilgangur frumvarpsins sé að tryggja að umrædd listaverk verði eign ríkisins. Í ljósi þess sem að framan greinir varðandi verðmat nýju viðskiptabankanna og fyrirhugað uppgjör við gömlu bankanna vill Fjármálaeftirlitið benda á að á þessu stigi er óljóst hvaða kostnaður kann að leiða af samþykkt lagafrumvarpsins fyrir ríkissjóð.

Virðingarfyllst,

FJÁRMÁLAÆFTIRLITID

  
Guðmundur Jónsson

  
Margrét Sigurðardóttir